An aerial photograph of a town, likely in Iceland, showing a mix of residential houses with colorful roofs (red, blue, white) and larger commercial buildings. The town is situated in a valley with large, flat-topped mountains in the background under a cloudy sky. The text is overlaid on the upper left portion of the image.

Skýrsla starfshóps

um húsnæðismál grunnskóla

-Júní 2013-

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Nemendafjöldi í grunnskólum Akraneskaupstaðar	5
Þróun nemendafjölda.....	5
Fjöldi bekkjardeilda.....	6
Stærð skólanna	6
Nemendafjöldi í hverri bekkjardeild	6
Fjöldi nemenda út frá börnum á leikskólaaldri	7
Núverandi fjöldi grunnskólanemenda og hugsanleg fjölgun	8
Hugmyndir að framtíðarskipulagi grunnskóla á Akranesi	10
Aldursskiptir grunnskólar.....	10
Nýtt skólahúsnæði – nokkrar leiðir	10
A. Nýr skóli í Skógahverfi	10
B. Byggja við núverandi skóla	11
C. Nýr unglingskóli miðsvæðis í bænum	11
Aðrar hugmyndir að skipulagi grunnskólastarfs	12
Breyting á búsetu grunnskólanemenda eftir skólahverfum.....	12
Fyrirkomulag stjórnunar.....	12
Lokaorð	14
Viðaukar	15
Viðauki 1	15
Viðauki 2	17
Viðauki 3	18
Viðauki 4	21
Viðauki 5	22
Viðauki 6.....	23

Myndaskrá:

Mynd 1. Nemendafjöldi á Akranesi, fimmta hvert ár, 1978 - 2013.....	5
Mynd 2. Áætlað meðaltal nemenda í bekkjardeildum 2013-2014	7
Mynd 3. Nemendafjöldi næstu árin, m.v. óbreyttan íbúafjölda	8
Mynd 4. Fjöldi íbúa á Akranesi næstu 9 ár, miðað við breytilega fjölgun.....	9

Inngangur

Þann 11. desember 2012 samþykkti bæjarstjórn Akraneskaupstaðar að skipa starfshóp um skólamál. Starfshópurinn var skipaður eftirtöldum:

- Einar Brandsson, tilnefndur af fjölskylduráði.
- Ingibjörg Valdimarsdóttir, tilnefnd af fjölskylduráði.
- Lárus Ársælsson, tilnefndur af framkvæmdaráði.
- Hörður Ó. Helgason, tilnefndur af framkvæmdaráði og var skipaður formaður starfshópsins.

Með starfshópnum störfuðu Helga Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri Fjölskyldusviðs og Þorvaldur Vestmann framkvæmdastjóri Umhverfis- og framkvæmdasviðs. Starfshópnum var sett erindisbréf dagsett 24. janúar 2013. Þar er verkefni starfshópsins skilgreint á eftirfarandi hátt:

Verkefni starfshópsins er að kanna þörf á aukningu skólahúsnæðis til lengri tíma, leiðir til úrbóta til lengri og skemmri tíma.

Starfshópurinn kom fyrst saman þann 6. febrúar. Haldnir hafa verið 16 fundir. Starfshópurinn kynnti sér ýmis gögn s.s. teikningar, mannfjöldaspár og eldri skýrslur. Starfshópurinn heimsótti báða grunnskólana og skoðaði aðstæður þar undir leiðsögn skólastjórnenda.


Eftirtaldir komu á fund starfshópsins til skrafs og ráðagerða:

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri Akraneskaupstaðar. Arnbjörg Stefánsdóttir skólastjóri Brekkubæjarskóla. Hrönn Ríkharðsdóttir skólastjóri Grundaskóla. Nemendaráð unglinga-deilda grunnskólanna: Ingibjörg B. Pálmadóttir, Karen Guðmundsdóttir, Jóhanna Gréta Hafsteinsdóttir og Margrét Ingólfssdóttir frá Brekkubæjarskóla. Guðmundur Sigurbjörnsson, Dóra Marín Karvelsdóttir, Veronica Líf Þórðardóttir og Jón Hjörvar Valgarðsson frá Grundaskóla. Fulltrúar í stjórn Skagaforeldra: Rósa K. Guðnadóttir, Ása Líndal Hinriksdóttir, Alma Auðunsdóttir, Jónína Margrét Sigmundsdóttir og Elísabet Ingadóttir. Kennararnir Flosi Einarsson, Ingibjörg Stefánsdóttir, Gunnhildur Björnsdóttir, Christel Rúdólfssdóttir, Sigríður Helgadóttir, Hildur Björnsdóttir og Laufey Skúladóttir.


Formaður starfshópsins ræddi óformlega við Atla Harðarson skólameistara FVA og Sigurlás Þorleifsson aðstoðarskólalastjóra Grunnskóla Vestmannaeyja um málefni sem snerta verkefni starfshópsins.

Þann 11. mars skilaði starfshópurinn tillögum til bæjarráðs um aðkallandi endurbætur til skemmri tíma, á skólahúsnaði grunnskólanna (sjá viðauka 1). Eftir það hefur starfshópurinn einbeint sér að seinni hluta verkefnisins; að kanna þörf á aukningu skólahúsnaðis til lengri tíma. Í þeirri vinnu hefur einnig verið fjallað um hugmyndir að framtíðarskipulagi grunnskólanna á Akranesi.


Akranesi 10. júní 2013




Hörður Helgason, formaður




Lárus Ársælsson




Einar Brandsson



Ingibjörg Valdimarsdóttir



Helga Gunnarsdóttir




Þorvaldur Vestmann

Nemendafjöldi í grunnskólum Akraneskaupstaðar

Þróun nemendafjölda

Íbúafjöldi á Akranesi hefur nánast staðið í stað síðastliðin 3 ár. Þann 1. janúar 2010 voru íbúar 6.549 en 1. janúar 2013 þ.e. þremur árum seinna voru íbúar 6.625. Á þessum þremur árum fjölgaði íbúum að jafnaði um 0,4% á ári. Á síðustu 10 árum, frá 1. janúar 2003 til 1. janúar 2013, fjölgaði íbúum úr 5.595 í 6.625 sem svarar til 18,4% fjölgunar eða 1,8% á ári að meðaltali.

Á árunum 1980 til 1990 voru grunnskólanemendur á Akranesi yfir 1.000 á ári. Flestir voru þeir árið 1986, 1.085. Á árunum 1991 til 2007 voru þeir færri en 1.000, fæstir 842 árið 1996. Frá árinu 2008 hafa grunnskólanemendur verið fleiri en 1.000 á ári. Grunnskólanemendur á Akranesi eru 15,3% af íbúafjölda árið 2013. Síðastliðin 5 ár var hlutfallið 15,4% og fimm árin þar á undan 16,3%. Ef litið er til landsins alls þá eru grunnskólanemendur 13,4% af fjölda landsmanna (Skólaskýrsla Sambands íslenskra sveitarfélaga 2010). Í Reykjavík eru grunnskólanemendur 11,7% af heildaríbúafjölda.



Mynd 1. Nemendafjöldi á Akranesi, fimmta hvert ár, 1978 - 2013.

Myndin sýnir nemendafjölda fimmta hvert skólaár. All nokkrar sveiflur eru og fer nemendum fækkandi frá árinu 1988 til 1998 en eftir það fer þeim aftur að fjölga. Fjölgunin er að öllu leyti

í skólahverfi Grundaskóla, sem rekja má til þess að nýtt íbúðarhúsnæði sem byggt hefur verið á Akranesi á þessum tíma er allt í skólahverfi Grundaskóla. Fjöldi nemenda í Brekkubæjarskóla hefur lítið breyst síðustu 20 árin.

Fjöldi bekkjardeilda

Skipulag í grunnskólunum á Akranesi gerir ráð fyrir að hver bekkjardeild hafi sína bekkjarstofu. Ef lítið er til síðustu 10 ára hefur bekkjardeildum fækkað í Brekkubæjarskóla en fjölgað í Grundaskóla. Árið 2008 var 120 m² hús flutt á lóð Grundaskóla, sem hefur nýst fyrir námsver og hópastarf. Einnig var útbúin kennslustofa í risi elstu byggingar skólans. Ákveðið hefur verið að koma fyrir öðru húsi á lóð Grundaskóla fyrir upphaf næsta skólaárs. Það mun tengjast húsinu sem flutt var árið 2008. Í upphaflegum áætlunum var gert ráð fyrir að í Grundaskóla yrðu 25 bekkjardeildir en þær eru nú 28. Gert er ráð fyrir að þær verði 29 haustið 2013 og 30 haustið 2016. Í Brekkubæjarskóla eru 20 bekkjardeildir, tvær í hverjum árgangi.


Stærð skólanna

Samkvæmt tölum úr fasteignaskrá er Brekkubæjarskóli skráður 4.803 m². Þar eru á vorönn 2013 alls 408 nemendur. Þetta gerir 11,8 m² á hvern nemanda. Grundaskóli er skráður 5.414 m². Þar eru á vorönn 2013 alls 606 nemendur. Þetta gerir 8,9 m² á hvern nemanda. Lausleg könnun í nokkrum öðrum skólum sýndi að hlutfallið er víða milli 11 og 15 m², sem sýnir að mjög þröngt er orðið um nemendur í Grundaskóla. Byggingaframkvæmdir á næstu árum verða því að hafa það að markmiði meðal annars að létta á þrengslunum í Grundaskóla.

Nemendafjöldi í hverri bekkjardeild

Skólaárið 2012-2013 er meðaltal í bekkjardeild 21,1 nemandi. Fjölmennasta bekkjardeildin er með 28 nemendum (10.b.) og sú fámennasta með 14 nemendum (5.b.). Báðar þessar bekkjardeildir eru í Brekkubæjarskóla. Í Grundaskóla er fjölmennasta bekkjardeildin með 26 nemendum (10.b.) og sú fámennasta með 17 nemendum (3.b.).

Ef allir í árgangi væru saman í skóla væri mögulegt að jafna fjölda í bekkjardeildum betur en ella. Með því ætti einnig að nást meiri hagkvæmni í úthlutun kennslustunda því úthlutað er fleiri kennslustundum ef nemendafjöldi fer yfir ákveðin mörk.




Mynd 2. Áætlað meðaltal nemenda í bekkjardeildum 2013-2014

Á mynd 2 er gengið út frá nemendafjölda skólaárið 2013-2014. Ef myndin hér fyrir ofan er skoðuð kemur í ljós að hægt væri að bæta við nemendum í nokkrar bekkjardeildir en í heildina eru skólarnir með ákjósanlegt meðaltal. Akraneskaupstaður hefur ekki sett sér viðmiðunarreglur um hámarksfjölda í bekkjardeildum en almennt er horft til þess að eftirsóknarvert sé að hafa færri nemendur í fyrstu bekkjum grunnskólans.

Fjöldi nemenda út frá börnum á leikskólaaldri

Ef einungis er horft til yngstu árganganna á Akranesi sem ekki eru komnir í grunnskóla og gert ráð fyrir að íbúum fjölgi ekki, þá verður fjöldi grunnskólanemenda á árunum 2013 – 2019 eins og sjá má á eftirfarandi mynd.



Mynd 3. Nemendafjöldi næstu árin, m.v. óbreyttan íbúafjölda


Í mynd 3 eru notaðar tölur úr íbúatali og hvernig börn fædd á árunum 2007 – 2012 skiptast milli skólahverfa. Þessi mynd sýnir að með óbreyttum íbúafjölda hafa skólarnir náð jafnvægi í nemendafjölda þannig að í Grundaskóla eru nemendur í kringum 600 og nemendur í Brekkubæjarskóla í kringum 400.

Núverandi fjöldi grunnskólanemenda og hugsanleg fjölgun

Íbúafjöldi á Akranesi 1. janúar 2013 var 6.625. Af þeim fjölda eru 1.014 á grunnskólaaldri, eða 15,3%. Í Grundaskóla voru 606 nemendur í upphafi skólaárs 2012-2013 og 408 í Brekkubæjarskóla. Á næsta skólaári verða þeir 1.025 að öllu óbreyttu.

Hægt er að bæta við nokkrum nemendum í einstakar bekkjardeildir. Grundaskóli er orðinn mjög ásetinn og ekki hægt að bæta við fleiri bekkjardeildum nema með því að fjölga stofum. Með því að bæta tveimur lausum kennslustofum við Grundaskóla geta skólarnir samanlagt tekið á móti nemendafjölda u.þ.b. 1.050. Miðað við að grunnskólanemendur verði 15,3% af íbúafjölda, þá verður íbúafjöldi á Akranesi 6.900 þegar þeim fjölda er náð. Það eru u.þ.b. 4% fleiri en nú.

Hversu hratt mun íbúum á Akranesi fjölga á næstu árum? Hvenær verða þeir orðnir 6.900? Miðað við 0,5% fjölgun á ári verður það árið 2021, miðað við 0,7% fjölgun verður það árið 2019, miðað við 1,0% fjölgun verður það árið 2017 og miðað við 1,5% fjölgun verður það árið 2016.



Mynd 4. Fjöldi íbúa á Akranesi næstu 9 ár, miðað við breytilega fjölgun

Í dag er fyrirsjáanleg þörf fyrir 2 kennslustofur til viðbótar á næstu 3 árum. Starfshópurinn lagði til að þeirri þörf yrði mætt með lausum kennslustofum til bráðabirgða, þar til forsendur hafi skapast til að stíga stærra skref í húsnaðismálum. Niðurstaða starfshópsins er sú að þörf verður á auknu skólahúsnaði þegar íbúar á Akranesi verða 6.900. Í dag er ekki hægt að spá með vissu fyrir um hvenær það verður.

Hugmyndir að framtíðarskipulagi grunnskóla á Akranesi

Aldursskiptir grunnskólar

Starfshópurinn hefur rætt þá hugmynd að aldursskipta grunnskólunum á Akranesi. Hugmyndin felst í að Grundaskóli verði skóli fyrir 7. – 10. bekk. Nýr skóli í Skógahverfi og Brekkubæjarskóli verði skólar fyrir 1. – 6. bekk. Þannig væru hér tveir hverfisskólar fyrir 1. – 6. bekk og einn unglingskóli nokkuð miðsvæðis í bænum. Starfshópurinn telur að Grundaskóli henti best sem unglingskóli vegna staðsetningar og nálægðar við íþróttamiðstöðina á Jaðarsbökkum og Akraneshöllina.

Aðalkosturinn við þessa skiptingu er að allir unglingar á aldrinum 13 – 16 ára verða í sama skóla. Þetta gefur m.a. meiri möguleika á fjölbreyttara vali fyrir þau og samræmingu í öðru námi. Þetta ætti auk þess að skapa meiri samstöðu í hópnum og styrkja félagslíf þeirra. Þessi aldursskipting getur þó ekki orðið að veruleika fyrr en nýr skóli í Skógahverfi hefur verið byggður.

Þessi hugmynd fékk almennt góðan hljómgrunn í viðræðum okkar við þá gesti sem komu á fundi starfshópsins. Slíkt fyrirkomulag er víða í sveitarfélögum þó aldursskipting sé mismunandi. Í Vestmannaeyjum var þetta fyrirkomulag tekið upp fyrir 7 árum síðan og að sögn aðstoðarskólastjóra Grunnskóla Vestmannaeyja hefur það gefist mjög vel.

Nýtt skólahúsnæði – nokkrar leiðir

A. Nýr skóli í Skógahverfi

Byggður verði nýr skóli í Skógahverfi. Þann skóla er hægt að byggja í áföngum og nýta lausar kennslustofur frá Grundaskóla. Þarna væri hægt að byrja með skóla fyrir 7 - 8 bekkjardeildir í 1. og 2. bekk, 150 - 200 nemendur. Síðan yrði 3., 4., 5. og 6. bekk bætt við, eftir því hvernig íbúafjöldi þróast. Þessir bekkir myndu um leið hverfa úr Grundaskóla. Við nýjan skóla þarf lóð með leiktækjum. Einnig þarf sameiginlegt rými, samkomusal, starfsmannaaðstöðu og litla kennslulaug ásamt íþróttahúsi. Aðstöðu fyrir íþróttakennslu mætti þó leysa fyrsta kastið á einfaldan hátt, því 7 - 8 bekkjardeildir á yngsta stigi geta komist af með minna pláss en heilt íþróttahús.

Kostir: Hægt er að byrja smátt og stækka smám saman. Skólann má stækka eftir því hvernig íbúapróun verður. Þarna er nægt byggingaland. Tiltölulega auðvelt yrði að aðlaga stærð skólans að þróun íbúafjölda. Í nýjum hverfum eru yfirleitt ungar barnafjölskyldur. Leikskóli gæti hugsanlega verið sambyggður eða samnýtt húsnæði.

Ókostir: Nýr skóli er dýr, upphafs fjárfesting væri á bilinu 700 – 800 milljónir. Byggingapróun í þessu hverfi er óljós.

B. Byggja við núverandi skóla

Byggt verði húsnæði eftir þörfum við hvorn skóla. Ljóst er að í dag er skortur á rými í Grundaskóla og Brekkubæjarskóli er fullsetinn. Ef þessi leið er farin þarf að bæta við sameiginlegu rými, almennum kennslustofum og sérgreinastofum í báðum skólum.

Kostir: Eitthvað af sameiginlegu rými er fyrir hendi. Einnig íþróttahús og sundlaug.

Ókostir: Lítið landrými er við grunnskólana. Það nægir ekki að byggja einungis kennslustofur það þarf einnig að auka við sameiginlegt rými. Stækkun Grundaskóla er óæskileg þar sem skólinn er nú þegar orðinn mjög fjölmennur.

C. Nýr unglingaskóli miðsvæðis í bænum

Byggður verði nýr unglingaskóli sem næst miðju bæjarins. Þessi hugmynd gerir ráð fyrir að byggja skóla með öllu því rými sem honum fylgir. Gróft áætlað er um að ræða skóla fyrir 360 nemendur. Það þarf u.þ.b. 13 m² pr. nemanda, sem krefst skóla af stærðinni 4.000-4.500 m².

Kostir: Staðsetning miðsvæðis. Ný skólabygging sem uppfyllir nútímakröfur. Nálægð við Bókasafn Akraness gerir bókasafn í skólanum hugsanlega óþarft. Nálægð við FVA sem gefur möguleika á samnýtingu á raungreinastofum, verkstæðum, mötuneyti og aðstöðu fyrir félagslíf. Þetta er þó háð samningum við FVA og aðstæðum í skólanum.

Ókostir: Lítið byggingarými er á miðbæjarreit. Íþróttahús og sundlaug eru í 500 – 1.000 m. fjarlægð. Þessi leið yrði dýr, upphafs fjárfesting yrði yfir 1.500 milljónir kr. Sérstaklega vegna þess að skólann yrði að byggja allan í einu, ekki yrði mögulegt að gera það í áföngum.

Aðrar hugmyndir að skipulagi grunnskólastarfs

Breyting á búsetu grunnskólanemenda eftir skólahverfum

Á skólaárinu 2005 – 2006 voru nemendur grunnskólanna á Akranesi 951. Þeir skiptust þannig á milli skólanna að í Brekkubæjarskóla voru 433 nemendur og í Grundaskóla voru 518 nemendur. Síðan hefur þróunin verið sú að nemendum hefur fjölgað jafnt og þétt í Grundaskóla, en þeim hefur fækkað í Brekkubæjarskóla. Á núverandi skólaári eru 1.014 grunnskólanemendur á Akranesi. Þeir skiptast þannig á milli skólanna að í Brekkubæjarskóla eru 408 nemendur og í Grundaskóla eru 606 nemendur. Ef þessi þróun heldur áfram en íbúum fjölgar ekki þarf að bregðast við ef fullnýta á allt skólahúsnæði bæjarins. Til þess eru tvær leiðir:

- Að breyta skilum milli skólahverfa. Starfshópurinn telur þessa leið ekki góða þar sem skilin myndu færast nær Grundaskóla og sumir nemendur myndu þá jafnvel vera í þeirri stöðu að búa nánast við hlið Grundaskóla en þyrftu samt að fara í Brekkubæjarskóla.
- Að aldurskipa núverandi skólum. Brekkubæjarskóli verði skóli fyrir 1. – 4. bekk og Grundaskóli verði skóli fyrir 5. – 10. bekk eða Brekkubæjarskóli verði fyrir 7. – 10. bekk og Grundaskóli fyrir 1. – 6. bekk.

Þessi skipting myndi jafna fjölda í bekkjardeildum og skapa þar með meira jafnræði og meiri möguleika á hagræðingu. Nú er fámennasta bekkjardeildin í Brekkubæjarskóla með 14 nemendum en sú fjölmennasta með 28 nemendum. Í Grundaskóla er fámennasta bekkjardeildin með 17 nemendum en sú fjölmennasta með 26 nemendum.

Aðalókosturinn við þessa leið er sú að vegalengd til skóla lengist fyrir hluta nemenda. Frá Bárugötu að Grundaskóla er vegalengdin 2,5 km., frá Baugalundi / Ásabraut / Leynisbraut til Brekkubæjarskóla er vegalengdin tæpir 3 km. Þetta yrðir klárlega verra fyrir yngstu börnin og mun krefjast akstursþjónustu, þegar fjöldi barna þyrfti að komast á sama tíma milli bæjarhluta.

Fyrirkomulag stjórnunar

Starfshópurinn velti fyrir sér hvort breyta ætti fyrirkomulagi stjórnunar í grunnskólunum, t.d. með því að sameina skólana sem eina stofnun. Slíkt fyrirkomulag gæti hugsanlega haft

einhverja kosti í för með sér. Starfshópurinn gerir ekki tillögur um þetta mál, en telur mikilvægt að umræðan um það haldi áfram. Umræðan þarf fyrst að fara fram innan stjórnendahópsins því þeir þekkja best hvernig stjórnendaverkefnum verður best fyrir komið.

Lokaorð

Með þessari skýrslu lýkur starfshópurinn verki sínu. Mestur hluti tíma starfshópsins hefur verið nýttur til að ræða þörf grunnskólanna fyrir stærra húsnæði í framtíðinni og hugmyndir að breyttu skipulagi tengdu því. Miðað við eðlilega fólksfjölgun á Akranesi og óbreytt lög um grunnskóla, er ljóst að hér þarf að bæta verulega við skólahúsnæði fyrir grunnskólabörn á næstu árum. Til þess eru nokkrar leiðir. Í skýrslunni gerir starfshópurinn grein fyrir þeim leiðum sem hópurinn hefur velt fyrir sér og rætt.

Starfshópurinn leggur til að grunnskólarnir verði aldursskiptir. Hópurinn er sammála því að besta leiðin til að mæta væntanlegri fjölgun grunnskólanemenda sé að byggja nýjan grunnskóla í Skógahverfi. Hér verði tveir grunnskólar fyrir yngsta stig og miðstig; Brekkubæjarskóli og nýr skóli í Skógahverfi og að Grundaskóli verði gerður að unglingaskóla. Starfshópurinn velti einnig fyrir sér hvort sameina ætti alla skólana sem Grunnskóla Akraness.

Verði fjölgun á Akranesi 1% að jafnaði á næstu árum verða bæjaryfirvöld að hefja undirbúning að byggingu nýs grunnskóla ekki seinna en árið 2014.

Þó verki starfshópsins sé nú lokið má alls ekki þar við sitja. Það verður að tryggja samfellu í umræðu, ákvarðanatöku og framkvæmdum. Starfshópurinn hvetur því bæjaryfirvöld til að ræða strax þær hugmyndir sem hópurinn hefur rætt, kynna þær vel í samfélaginu, fá þar frekari umræðu áður en ákvörðun verður tekin um næstu skref.

Akranes er fjölskylduvænn bær og þannig á hann að vera áfram. Til þess að svo megi verða þarf að hlúa vel að þeim grunnstoðum sem standa undir slíku samfélagi. Ein mikilvægasta grunnstoðin eru góðir skólar. Starfshópurinn vonar að með vinnu sinni hafi hann lagt eitthvað af mörkum til þess að gera góða skóla betri.



Akraneskaupstaður

Erindisbréf fyrir starfshóp um skólamál

1. gr.

Starfshópur um skólamál er byggður á samþykkt bæjarstjórnar frá 11. desember 2012 um skólamál:

„Skipaður verði fjögurra manna starfshópur á vegum framkvæmda- og fjölskyldustofu til að kanna þörf á aukningu skólahúsnæðis til lengri tíma, leiðir til úrbóta til lengri og skemmri tíma. Bæjarráð geri starfshópnum erindisbréf og skipi jafnframt formann starfshópsins. Stefnt skuli að skilum tillagna eigi síðar en 1. mars 2013.“

Starfshópurinn er skipaður eftirfarandi fulltrúum:

- Einar Brandsson, tilnefndur af fjölskylduráði
- Ingibjörg Valdimarsdóttir, tilnefnd af fjölskylduráði
- Hörður Helgason, tilnefndur af framkvæmdaráði
- Lárus Ársælsson, tilnefndur af framkvæmdaráði

Formaður starfshópsins er Hörður Helgason.

Með starfshópnum starfi: Framkvæmdastjóri og verkefnastjóri Fjölskyldustofu og framkvæmdastjóri Skipulags- og umhverfisstofu.

2. gr.

Verkefni starfshópsins er að kanna þörf á aukningu skólahúsnæðis til lengri tíma, leiðir til úrbóta til lengri og skemmri tíma.

3. gr.

Starfshópurinn skal í vinnu sinni afla upplýsinga hjá þeim aðilum sem hann telur nauðsynlegt.

4. gr.

Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili bæjarráði Akraness greinargerð og eftir ástæðum tillögum eigi síðar en 1. mars 2013.

5. gr.

Um hæfi kjörinna fulltrúa gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og samþykktir um stjórn Akraneskaupstaðar og fundarskóp bæjarstjórnar.

6. gr.

Starfshópurinn skal skrifa fundargerðir og gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar.




Akraneskaupstaður

7. gr.

Þóknun fyrir setu í starfshópnum greiddast samkvæmt reglum Akraneskaupstaðar um þóknunir fyrir nefndarstörf.

Þannig samþykkt á fundi bæjarráðs Akraness 24. janúar 2013.

Akranesi, 29.1 2013



Regína Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri

Viðauki 2

Tillögur um aðkallandi endurbætur á skólahúsnæði grunnskólanna á Akranesi.

Þann 11. mars 2013 skilaði starfshópurinn eftirfarandi tillögum til bæjarráðs um aðkallandi endurbætur á skólahúsnæði grunnskólanna:

Grundaskóli

a. Næsta haust munu u.þ.b. 65 nemendur hefja nám í 1. bekk Grundaskóla. Þessum fjölda þarf að skipta upp í 3 bekkjardeildir. Nemendum 10. bekkjar sem útskrifast nú í vor er skipt upp í 2 bekkjardeildir. Því þarf að bæta við 1 kennslustofu fyrir upphaf næsta skólaárs. Starfshópurinn mælir með því að lausri kennslustofu verði bætt við skólann. Slík stofa, sem mun kosta allt að 20 m.kr., er fjárfesting sem nýtist örugglega á næstu árum. Árið 2016 kemur aftur inn þriggja bekkjardeilda árgangur í stað tveggja sem útskrifast frá skólanum. Þá þarf að bæta við annarri kennslustofu. Hagkvæmt er að gera ráð fyrir því að sú stofa muni tengjast þeirri sem smíðuð verður fyrir næsta skólaár. Vænst er að þessi tillaga leysi þann skammtímavanda sem er fyrir sjáanlegur. Hin lausnin sem hefur verið til umræðu er sú að búa til kennslustofu á svæði sem nefnt er Gryfjan og er hluti af aðstöðu nemenda unglíngadeildar til félagslífs. Breytingar á Gryfjunni er ódýrari lausn, en skapar aukin þrengsli í skólanum og dregur úr aðstöðu nemenda til félagslífs. Lausar kennslustofur er aftur á móti hægt að nýta í lengri tíma og á fleiri stöðum og selja þegar ekki eru lengur not fyrir þær.

b. Eldhús mötuneytis fyrir nemendur er allt of lítið og vinnuaðstaða þar alls ófullnægjandi. Ennfremur er plássíð sem nemendum er boðið upp á til að neyta matar síns allt of þröngt. Það er mjög brýnt að stækka hvorutveggja. Starfshópurinn leggur til að á þessu ári verði hafinn undirbúningur að stækkun á báðum þessum rýmum með því að byggja við húsið u.þ.b. 150 fermetra. Lausleg kostnaðaráætlun er 45 m.kr. Mælt er til að framkvæmdum verði lokið fyrir ágúst 2014.

Brekkubæjarskóli

a. Það er tímabært að stækka kaffistofu starfsmanna og rýmið fyrir framan hana. Þarna er mjög þröngt. Auk þess eru salerni illa staðsett í þessu litla rými. Það er mjög óhentugt fyrir komulag. Hugsanlegt er að færa innganginn inn í þetta rými og flytja jafnframt skrifstofur stjórnenda. Ef til vill eru fleiri leiðir mögulegar. Mælt er til að undirbúningur fyrir þessar framkvæmdir hefjist á þessu ári.

Viðauki 3

Staða varðandi nemendafjölda í grunnskólunum ef engar breytingar verða á íbúafjölda og aldurssamsetningu

Skólaárið 2013- 2014

Fæðingarár	Bekkur	Nemendafjöldi			Meðaltal í bekk	Fjöldi bekkjardeilda			
		Grundask.	Brekkub.sk	Samtals		Grundask	Meðaltal	Brekkub.sk	Meðaltal
2007	1.	60	49	109	21,8	3	20	2	24,5
2006	2.	68	33	101	20,2	3	22,7	2	16,5
2005	3.	64	32	96	19,2	3	21,3	2	16
2004	4.	56	43	99	19,8	3	18,7	2	21,5
2003	5.	64	41	105	21	3	21,3	2	20,5
2002	6.	56	29	85	17	3	18,7	2	14,5
2001	7.	66	44	110	22	3	22	2	22
2000	8.	48	40	88	22	2	24	2	20
1999	9.	68	48	116	23,2	3	22,7	2	24
1998	10.	66	50	116	23,2	3	22	2	25
	Samtals	616	409	1025	20,9	29	21,2	20	20,5

Skólaárið 2014- 2015

Fæðingarár	Bekkur	Nemendafjöldi			Meðaltal í bekk	Fjöldi bekkjardeilda			
		Grundask.	Brekkub.sk	Samtals		Grundask	Meðaltal	Brekkub.sk	Meðaltal
2008	1.	55	41	96	19,2	3	18,3	2	20,5
2007	2.	60	49	109	21,8	3	20	2	24,5
2006	3.	68	33	101	20,2	3	22,7	2	16,5
2005	4.	64	32	96	19,2	3	21,3	2	16
2004	5.	56	43	99	19,8	3	18,7	2	21,5
2003	6.	64	41	105	21	3	21,3	2	20,5
2002	7.	56	29	85	17	3	18,7	2	14,5
2001	8.	66	44	110	22	3	22	2	22
2000	9.	48	40	88	22	2	24	2	20
1999	10.	68	48	116	23,2	3	22,7	2	24
	Samtals	605	400	1005	20,5	29	20,9	20	20

Skólaárið 2015- 2016

Nemendafjöldi

Fjöldi bekkjardeilda

Fæðingarár	Bekkur	Grundask.	Brekkub.sk	Samtals	Meðaltal í bekk	Grundask	Meðalt.	Brekkub.sk	Meðalt.
2009	1.	57	41	98	19,6	3	19	2	20,5
2008	2.	55	41	96	19,2	3	18,3	2	20,5
2007	3.	60	49	109	21,8	3	20	2	24,5
2006	4.	68	33	101	20,2	3	22,7	2	16,5
2005	5.	64	32	96	19,2	3	21,3	2	16
2004	6.	56	43	99	19,8	3	18,7	2	21,5
2003	7.	64	41	105	21	3	21,3	2	20,5
2002	8.	56	29	85	17	3	18,7	2	14,5
2001	9.	66	44	110	22	3	22	2	22
2000	10.	48	40	88	22	2	24	2	20
	Samtals	594	393	987	20,1	29	20,5	20	19,7

Skólaárið 2016- 2017

Nemendafjöldi

Fjöldi bekkjardeilda

Fæðingarár	Bekkur	Grundask.	Brekkub.sk	Samtals	Meðaltal í bekk	Grundask	Meðaltal	Brekkub.sk	Meðaltal
2010	1.	63	48	111	22,2	3	21	2	24
2009	2.	57	41	98	19,6	3	19	2	20,5
2008	3.	55	41	96	19,2	3	18,3	2	20,5
2007	4.	60	49	109	21,8	3	20	2	24,5
2006	5.	68	33	101	20,2	3	22,7	2	16,5
2005	6.	64	32	96	19,2	3	21,3	2	16
2004	7.	56	43	99	19,8	3	18,7	2	21,5
2003	8.	64	41	105	21	3	21,3	2	20,5
2002	9.	56	29	85	17	3	18,7	2	14,5
2001	10.	66	44	110	22	3	22	2	22
	Samtals	609	401	1010	20,2	30	21	20	20,1

Skólaárið 2017- 2018

Nemendafjöldi

Fjöldi bekkjardeilda

Fæðingarár	Bekkur	Grundask.	Brekkub.sk	Samtals	Meðaltal í bekk	Grundask	Meðaltal	Brekkub.sk	Meðaltal
2011	1.	53	43	96	19,2	3	17,7	2	21,5
2010	2.	63	48	111	22,2	3	21	2	24
2009	3.	57	41	98	19,6	3	19	2	20,5
2008	4.	55	41	96	19,2	3	18,3	2	20,5
2007	5.	60	49	109	21,8	3	20	2	24,5
2006	6.	68	33	101	20,2	3	22,7	2	16,5
2005	7.	64	32	96	19,2	3	21,3	2	16
2004	8.	56	43	99	19,8	3	18,7	2	21,5
2003	9.	64	41	105	21	3	21,3	2	20,5
2002	10.	56	29	85	17	3	18,7	2	14,5
	Samtals	596	400	996	19,9	30	19,9	20	20

Skólaárið 2018- 2019

Nemendafjöldi

Fjöldi bekkjardeilda

Fæðingarár	Bekkur	Grundask.	Brekkub.sk	Samtals	Meðaltal í bekk	Grundask	Meðaltal	Brekkub.sk	Meðaltal
2012	1.	63	43	106	21,2	3	21	2	21,5
2011	2.	53	43	96	19,2	3	17,7	2	21,5
2010	3.	63	48	111	22,2	3	21	2	24
2009	4.	57	41	98	19,6	3	19	2	20,5
2008	5.	55	41	96	19,2	3	18,3	2	20,5
2007	6.	60	49	109	21,8	3	20	2	24,5
2006	7.	68	33	101	20,2	3	22,7	2	16,5
2005	8.	64	32	96	19,2	3	21,3	2	16
2004	9.	56	43	99	19,8	3	18,7	2	21,5
2003	10.	64	41	105	21	3	21,3	2	20,5
	Samtals	603	414	1017	20,3	30	20,1	20	20,7

Viðauki 4

Viðhaldsverkefni og breytingar í grunnskólunum

Skólastjórar grunnskólanna voru beðnir um að senda starfshópnum yfirlit yfir helstu atriði sem varða húsnæði skólanna. Í yfirliti þeirra komu fram atriði sem bæði snerta viðbótarrými í skólunum og stór viðhaldsverkefni. Starfshópurinn mat það svo að hlutverk hans væri einkum að fjalla um stækkun skólahúsnæðis, en ekki að fjalla um viðhaldsverkefni. Starfshópurinn vill þó benda á þau viðhaldsverkefni sem skólastjórnir nefndu í yfirlitum sínum. Þau eru eftirfarandi:

Grundaskóli

- Endurbætur á eldri hluta skólans eru mjög aðkallandi.

Brekkubæjarskóli

- Endurbætur á hljóðvist í eldri hluta skólans og samkomusal.
- Endurbæta þarf verkgreinastofur.
- Stækka þarf samkomusal svo hægt sé að nota hann til kennslu og félagsstarfs jafnframt því sem hann er notaður sem matsalur fyrir nemendur.
- Stækkun á stofu 306.

Viðauki 5

Ýmsar spurningar

Hér á eftir eru ýmsar spurningar sem komu upp í umræðu starfshópsins um mál sem kunna að hafa áhrif á húsnæðisþörf grunnskólanna í framtíðinni.

- Hvernig þróast byggðin á Akranesi?
- Verða nýbyggingasvæðin einungis í norðausturhluta bæjarins, Skógahverfi?
- Þéttist byggðin í eldri hluta bæjarins með þeim afleiðingum að barnafjölskyldum fjölgar þar aftur?
- Hvaða áhrif hefur það á byggðina þegar Sementsverksmiðjan lokar? Þar getur orðið byggingasvæði í framtíðinni. Ef þar verður íbúðarhúsnæði munu væntanlega búa þar fjölskyldur með börn.
- Hvaða áhrif hefur gildistaka aðalnámskrár árið 2015, m.t.t. fljótandi skila á milli skólastiga?
- Styttist námstími í grunn- og framhaldsskóla? Þá munu nemendur væntanlega útskrifast úr grunnskóla eftir 9. bekk og fara þá fyrr í framhaldsskóla. Það dregur úr þörf fyrir að bæta við skólahúsnæði. Stytting námstíma í framhaldsskólum myndi líklega hafa í för með sér nokkra fækkun dagskólanemenda í FVA. Það gæfi möguleika á að grunnskólarnir nýttu að einhverju leyti húsnæði FVA.
- Mun sveitarfélagið á einhverjum tímapunkti taka við rekstri FVA? Það getur haft í för með sér aukinn sveigjanleika í að samnýta aðstöðu og blanda saman kennslu efstu bekkja grunnskólans og fyrsta árs nemendur FVA.

Viðauki 6

SKÓLI Í SKÓGAHVERFI UNDIRBÚNINGUR OG FRAMKVÆMD - dæmi um tímasetningar

Byggður verði 1.áfangi að nýjum skóla fyrir 1. og 2.bekk, alls 7 bekkjardeildir, alls 180 nemendur. Sé reiknað með 11 m²/nemenda, þarf skólinn að vera um 2000 m². Nýbygging, að frádregnum lausum stofum, yrði því um 1800 m², kostar ca. 700 mkr.

<i>Áfangi</i>	<i>/</i>	<i>Verkluti</i>	<i>Dags:</i>	<i>Tími</i>	<i>Helstu verkefni:</i>
Ákvörðun um undirbúning:			1.8.2014		
		Byggingaáætlanir		5	Aðalhönnuð, rýmisáætlun, tillögur, samráð, umfjöllun
Ákvörðun um hönnun:			1.1.2015		
		Verkhönnun		5	Aðalteikningar, verkfræðiteikningar, lóðateikningar, kostnaður, umfjöllun
Ákvörðun um útboð:			1.6.2015		
		Útboðsgögn		1	Útboðsgögn, magntölur, verklýsing
Útboð hefst:			1.7.2015		
		Útboðsferli		3	Auglýsing, útboðstími, opnun tilboða, yfirferð, skýringar, umfjöllun
Samþykkt tilboðs:			1.10.2015		
		Verksamningur		2	Frágangur verksamnings, undirbúningur framkvæmda, aðstöðusköpun
Upphaf framkvæmda:			1.12.2015		
		Framkvæmdir		19	Aðalverktaki, lóðarframkvæmdir, úttektir og frágangur
Verklok:			1.7.2017		
		Undirbúningur skóla		2	Húsgögn, innflutningur, start
Skóli hefst:			1.9.2017		